

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 14:30 mánudaginn 6. apríl 2020 - fjarfundur

Mættir stjórnarmenn: Baldvin Esra Einarsson, Viggó Jónsson, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Arngrímur Arnarson, Tómas Árdal, Þórdís Bjarnadóttir og Sigurður Líndal.

Áheyrnarfulltrúar: Axel Grettisson og Álfhildur Leifsdóttir. Axel yfirgaf fundinn kl 15:30.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir.

Dagskrá:

Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna. Þar ber hæst markaðsátök erlendis og innanlands sem eru í undirbúningi, annars vegar á vegum Íslandsstofu og hins vegar Ferðamálastofu. Markaðsstofur landshlutanna fá einn fulltrúa í stýrihópi fyrir erlendu markaðssetninguna og tekur AJ það sæti. Áhersla er lögð á sýnileika landshlutanna í erlendri kynningu. Ferðamálastofa hefur ráðið Brandenburg auglýsingastofuna til að sjá um innanlandsátakið. Áhersla er þar einnig á að landshlutarnir séu sýnilegir og að fyrirtæki og sveitarfélög geti nýtt efnið og fylgt eftir herferðinni til að setja mikinn kraft í hana.

MN sinnir nú mikilli upplýsingamiðlun á milli ferðaþjónustunnar og annarra hagsmunaaðila og leggur þar áherslu á mikilvægi stuðnings við fyrirtækin eins og áður hefur verið farið yfir á fundum. Staðan er alvarleg og nauðsynlegt að bregðast við.

Undirbúningur er að innanlandsátaki varðandi Demantshringinn og Norðurstrandarleið, efnisvinnsla, vefsíður og samfélagsmiðlar. Gagnagrunnur Ferðamálastofu er að verða tilbúinn og þá koma nýjar heimasíður markaðsstofanna í loftið.

Unnið er að talnagreiningu og rannsóknum innan MN til þess að hafa góða mynd af grunnstöðunni. Eins og áður skortir mikið upp á áreiðanleg gögn um Norðurland.

Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir áætlun ársins og mögulegar aðgerðir til niðurskurðar í rekstrinum. Umræður um tekjustofna og rekstur MN, mikilvægi markaðssetningar og möguleika til þess að koma til móts við fyrirtæki á erfiðum tímum. Þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa nú til skipta miklu máli við þess ákvarðanatöku og verður fundað aftur eftir páska.

Staða ferðaþjónustunnar

Umræður um alvarlega stöðu ferðaþjónustunnar. Ekki líklegt að sumarið skili miklum tekjum og verður að taka mið af því í aðgerðum.

Önnur mál

Rætt var um úthlutun Framkvæmdasjóðs ferðamannastöðu og hvernig megi auka hlut svæðisins í honum.

Fundi slitið kl 16:15